MENNTASKÓLINN VIÐ SUND

# Óskir um töflubreytingar fara fram í gegnum Innu

Til að óska eftir töflubreytingu þarftu að opna Innu.
Í valmyndinni hægra megin sérðu hnappinn **töflubreytingar**. Smelltu á hnappinn og veldu við eigandi **önn** sem birtist fyrir neðan.




Þá kemur upp yfirlit yfir áfangana þína og hópa og töfluna þína fyrir neðan.

## Ósk um skráningu úr áfanga




Þú **tekur hakið af** þeim hópum sem þú óskar eftir að vera skráð/skráður úr. Áfanginn hverfur þá úr töflunni.

MENNTASKÓLINN
VIÐ SUND

# Ósk um skráningu í áfanga




Vinstra megin á skjánum er valgluggi þar sem þú getur slegið inn áfangaheiti áfanga sem þú óskar eftir að bæta í töfluna þína. Þegar þú velur áfanga koma upp þeir hópar sem hægt er að velja um.




Þú hakar við hópinn sem þú vilt bæta þér í og þá birtist hann í töflunni þinni (ath. að hóparnir eru misjafnlega margir, allt frá 1 – 5 hópar í hverjum áfanga).




Ef hópurinn sem þú velur rekst á við annan áfanga í töflunni þinni eða þú vilt hætta við að velja áfangann þá smellir þú á ruslafötuna undir ,,Valdir áfangar''. Ef þú vilt prófa að skoða hvar annar hópur lendir í töflunni þinni þá þarf fyrst að smella á ruslafötuna og svo velja annan hóp (ef þú varst búin/n að velja hópinn).

## Staðfesting töflubreytinga / skráning athugasemda

Loks smellir þú á hnappinn: 


Þá opnast þessi gluggi:




Þetta er beiðni sem skólinn verður við (sjá atriði 1, 2 og 3 hér fyrir neðan).

Ekki fullnægjandi beiðni (sjá atriði 1, 2 og 3 hér fyrir neðan).

<u>Nauðsynlegt er að skrá skýringu í athugasemdagluggann!</u>

1. Ég tel mig vera með ranga áfanga í töflu miðað við námslínu og val.

2. Ég er með færri en 5 áfanga í töflu og það tefur námslok á næstu önnum (gildir þó ekki um nemendur sem eru í námsframvinduúrræði).

3. Ég er í eða búin/n með fjarnám í sama áfanga og er í töflunni minni.

Ath. Það er fullnægjandi að skrifa númer 1, 2 eða 3 og vísar númerið þá til þeirrar skýringar sem við á.

Loks smellir þú á hnappinn staðfesta: Staðfesta

Þegar skólinn hefur afgreitt ósk þína um töflubreytingu birtist lína eins og þessi hjá þér undir töflubreytingar sem sýnir samþykkt eða hafnað.

Afgreiddar beiðnir

| Áfangi | Hópur | Staða | Tegund | Afgreitt dags. | Athugasemd starfsmanns | Athugasemd nemanda |
|---|---|---|---|---|---|---|
| STÆR2BB05 | 3 | Samþykkt | Bæta í töflu | 03.01.2019 | | Gleymdi að velja þennan áfanga |

Ef ósk er hafnað er skýringin oftast sú að beiðnin byggi ekki á þeim forsendum sem eru fyrir töflubreytingum og/eða að hópar séu fullir.

Gangi ykkur vel!

Kveðja frá töflusmiðum MS